Fundur stjórnar LS haldinn
16. og 17. júlí 2014

Ályktun um grásleppumál

Stjórn Landssambands smábátaeigenda skorar á stjórnvöld að fela Hafrannsóknastofnun að óska eftir gögnum frá stjórn Alþjóða náttúruverndarsjóðsins (WWF) um hvað liggi til grundvallar þeirri ákvörðun hans að setja grásleppu- og grásleppuhrogn á válista. LS lítur málið grafalvarlegum augum þar sem grásleppuveiðar hér við land hafa í áratugi verið stundaðar með miklum takmörkunum sem hafa verið vel innan marka þess sem Hafrannsóknastofnun hefur ráðlagt.